



# BRÚIN

Félag Íslendinga í  
Luxembourg

2. tbl. 2006, - 16. árg.  
Febrúar 2006

## Þorrablót



Þorrablótíð í ár sló öll met í aðsókn, tæplega 400 miðar seldust og er þetta fjölmennasta blót sem haldið hefur verið í Luxembourg frá upphafi og fjölmennasta blótíð á meginlandinu að Kaupmannahöfn undanskilinni.

Blótíð var haldið í nýjum og glæsilegum sal í Centre Polyvalent í bænum Junglinster, Luxembourg.

Þetta er í fyrsta skipti sem sérstöku leiguflugi er flogið á þorrablótíð en Iceland Express og Express Ferðir önnuðust það.



Matthildur Kristjánsdóttir formaður Félags Íslendinga í Luxembourg og svæðisstjóri Iceland Express á meginlandi Evrópu sagði þátttöku Landsbankans og Kaupþings þakkarverða í skálaræðu sinni í veislunni. "Það hefur aldrei verið haldið eins stórt og veglegt blót á meginlandinu, leiguflugið seldist upp á þremur dögum og við áttum fullt í fangi með að púsla þessu öllu saman. Við notuðum tæknina og gestir bókuðu miða á islandus.net sem sparaði okkur mikinn tíma. Við í stjórninni erum ánægð með hversu vel tókst til heildina á litíð, gestirnir skemmtu sér vel og það er markmiðið!" sagði Matthildur í þessu tilefni. "Við erum þreytt en samt endurnærð af krafti því

móttökurnar voru svo frábærar," bætti hún við.

Matreiðslumenn kvöldsins voru þeir Jóhannes Stefánsson í Múlakaffi og Snæbjörn Kristjánsson sem jafnan hefur verið kenndur við veitingastaðinn Fiðlarann, Akureyri.

Að kvöldverði loknum flutti leikklúbburinn Spuni söngleikinn "Spunavision" sem leikstýrt var af Höllu Margréti Jóhannesdóttur en hljómsveitarstjóri var Hermann B. Reynisson. Leikendur voru 14 en að auki kom kór íslenska safnaðarins fram í einu atriðanna.

Spuni fagnar 30 ára starfsafmæli í ár en formaður hans er Bryndís Kristjánsdóttir.

Að söngleik loknum spilaði hljómsveitin "Á móti sól" undir dansi en hljómsveitin mun vera heitasta hljómsveitin á Íslandi um þessar mundir.

Heppnir gestir fengu veglega glaðninga í happdrætti félagsins, en flugfélögin Iceland Express og Icelandair gáfu flugfarmiða, Air Atlanta og Kaupthing gáfu rauðvín og karöflu.

Ennfremur var efnt til happdrættis á Netinu þar sem Iceland Express gaf flugfarmiða til Íslands. Þetta var ætlað þeim sem bókuðu miða og borð á þorrablótíð á Netinu.



Veislustjóri var gleðigjafinn Óskar Sigbórsson flugstjóri hjá flugfélaginu Ryan Air og varamaður í stjórn FÍL.

Íslendingar í Luxembourg eru um 800 talsins og hefur fjölgað hægt og stígandi síðustu ár, sérstaklega með tilkomu íslensku bankanna.

Félag Íslendinga í Luxembourg er eitt athafnamesta áttthagafélagið á meginlandinu, stofnað 1972 en fyrsti formaður þess var Gunnar Björgvinsson.



Núverandi stjórn skipa Matthildur Kristjánsdóttir, Þóra Karlsdóttir, Inga Birna Antonsdóttir, Elísabet Einarsdóttir og Guðbjörg Steinarrsdóttir.

Sérstakar þakkir til Landsbankans í Luxembourg sem styrkti félagið rausnarlega í tilefni þorrablótisins.

Stjórnin vill enn og aftur þakka þeim fjölmörgu aðilum sem komu að undirbúningi og frágangi þessa glæsilegasta þorrablótis sem haldið hefur verið í Luxembourg.

Kærar þakkir.

Stjórn FÍL

### Í þessu blaði:

Porrablót FÍL	1
Ljósmyndasýning	2
Kaffikók á markað	2
Að gefnu tilefni	2
Sætar slaufur	2
Íslenskuskólinn	2
Hamingjuóskir til Spuna	3
Frá stjórn Spuna	3
Ráðagóðahornið	3
Heimilishornið	3
Litlu dálkarnir	4



### Á döfinni:

- Íslenskuskólinn næst 14. mars, sjá bls. 2
- Ljósmyndasýning Rafns Hafnfjörðs er opin til 17. mars, sjá bls. 2



Kærar þakkir fyrir stuðninginn.

Stjórn FÍL



Kærar þakkir fyrir stuðninginn.

Stjórn FÍL



Kærar þakkir fyrir stuðninginn.

Stjórn FÍL



Kærar þakkir fyrir stuðninginn.

Stjórn FÍL

## Eftir jólin

Nú verð ég að fara að fara að fjarlægja bannsettans spikið því nú er ég barasta bara búin að éta of mikið.

Höf.ó Gunnur



Kærar þakkir fyrir stuðninginn.

Stjórn FÍL

## Börn búa til málshætti

"Sjaldan fara sköllóttir í hár saman."

Mjó

## Kaffikók á markað

Coca-Cola verksmiðjurnar settu nýjan drykk á markað á árinu sem verður samblanda af kaffi og gosdrykkjum kunna.

Samkvæmt tilkynningu frá fyrirtækinu er ekki aðeins um nýtt bragðefni að ræða heldur munu eiginleikar hinna ólíku drykkja renna saman í hinum nýja drykk.

Drykkjum, sem fengið hefur nafnið Coca-Cola Blak er ætlað að höfða til eldri neytenda og telja forsvarsmenn sig hafa fundið upp nýja tegund gosdrykkjar. Coca-Cola Blak fer fyrst á markað í Frakklandi en verður síðan seldur í fleiri löndum heimsins.

Blaðið 13.12.2005

## Sætar slaufur

Samkvæmt tískuvefnum style.com eru tiskuhönnuðir almennt sammála um að slaufur séu málið fyrir komandi sumar.

Stórar slaufur, litlar slaufur, litskrúðugar slaufur og í raun bara allar gerðir slaufa eru áberandi í tiskustráumum fyrir næstkomandi sumar. Samkvæmt þeim tiskusýningum sem hafa verið að sýna komandi sumarlínu virðast stórar og jafnvel þínu óreglulegar slaufur á barmi bæði kjóla og bola vera mjög áberandi.

Ýmsir tiskuhönnuðir segja að slaufur séu í senn bæði hugaðar, klassískar og kvenlegar. Margar konur ættu því að fagna þessu og vera óhræddar við að bera bæði djarfar og óhefðbundnar slaufur þegar sólin byrjar að skína af einhverju viti næstkomandi vor og sumar.

## Að gefnu tilefni

Að gefnu tilefni væri gott að kíkja á reglur í Luxembourg hvað varðar viðveru barna í framsætum bifreiða.

Samkvæmt umferðarreglum í Luxembourg, þá verða börn að vera 150 cm á hæð eða 12 ára til þess að vera lögleg í framsætum bifreiða.

Þeir sem fara ekki að þessum reglum, missa einn punkt úr ökuferilskrá sinni auk þess að fá 49 € í sekt.

Svo er kannski ekki verra að tilgreina fleiri hliðar lögjafans í Luxembourg, því það mun vera sektað 74€ fyrir það að hafa ekki fjarlægt ís eða snjó af rúðum bifreiðar áður en lagt er af stað út í umferðina.

Ónafngreindur félagsmaður

## Íslenskuskólinn

Íslenskukennslan hefst aftur eftir febrúarfrið þann 14. mars.

Athugið að áður auglýstur kennsludagur þann 7. mars fellur niður þar sem mörg bæjarfélög eru með frí í skólum þann dag.

Kennslutíminn verður áfram kl. 13:30 til 15:30.

Næstu kennsludagar eru:

14. mars  
21. mars  
28. mars  
4. apríl

Stjórn FÍL

## Ljósmyndasýning Rafns Hafnfjörðs

Eins og fram kom í janúarblaði Brúarinnar þá opnaði Rafn Hafnfjörð ljósmyndasýningu sína þann 17. febrúar í Galleríinu í Lux Tech Center, í Contern.

Sýningin sem ber titilinn "Óður til náttúrunnar" er stórglæsileg í alla staði og verður opin til 17. mars.



## Hvernig sér maður hvort ókunnugt fólk sé gift?

Maður verður bara að giska út frá því, hvort manni sýnist þau vera að æpa á sömu krakkana.

Daníel, 8 ára



## Hamingjuóskir frá fyrsta leikstjóra Spuna

Það var um haustið '75. Ótrúlegt en satt. Þrjátíu ár liðin og við ennþá svona sprækur.

Leikklúbburinn Spuni varð til þegar nokkrar konur undir forystu Þórhildar Hinriksdóttur ákváðu að nú væri mál að fá útrás fyrir sköpunargleðina og skemmta sér og sínum á hátíðum og tillidögum í Luxemburg. Þá bjuggu um 500 Íslendingar í Luxemburg. Nýlendan var kornung og nánast sama fjölskyldumynstrið alls staðar. Karlarnir unnu hjá Cargolux og eiginkonurnar heimavinnandi með ung börn. Þetta varð fljótt samhentur hópur sem hafði mikil samskipti sín á milli. Leiklistin varð fyrir valinu eins og hjá mörgum nýlendum Íslendinga á erlendri grund.

Áður en að því kæmi að stíga á svið þótti við hæfi að ná sér í einhverja þjálfun í faginu. Tilviljunin hagaði því svo að undirrituð sem var að hefja nám í leikhúsræðum við Kölnarháskóla átti góða að í Luxemburg, mágkonu og bróður sem voru til í að hýsa mig og gæta sonar míns á meðan ég leiðbeindi á leiklistarnámskeiði. Þennan vetur ók ég frá Aachen til Luxemburgar á hverjum föstudegi. Við hittumst svo heima hjá einhverri í hópnum, sem taldi að mig minnr um 12 konur. Sófasettum og hillusamstæðum var ýtt út í horn. Teppunum rúllað upp. Börnunum mokað inn í barnaherbergi með barnapíum og síðan var hamast í leikrænni tjáningu, framsögn, slökun og traustsæfingum föstudagskvöld, allan laugardaginn og sunnudagsmorgun.

Fljótlega fæddist sú hugmynd að setja saman dagskrá fyrir þorralblótið. Fyrir utan leik-, söng- og danshæfileika, þá leyndust fleiri hæfileikar meðal hópsins. Þarna urðu til ódauðlegir söngtextar og skemmtipættir um fólkið í nýlendunni eins og vera ber á þorralblótum. Og leikhópurinn gerði meira en að semja og sýna á þorralblótum, það voru líka búnar til dagskrár sérstaklega ætlaðar börnunum.

Hið ánægjulega var að starfsemin skaut rötum og varð að sjálfsgöðum hlut meðal Íslendinga í Luxemburg. Á hverju ári var fenginn leikstjóri "að heiman" til að setja upp leiksýningu fyrir þorralblótið. Leikfélagið fékk snemma aðild að Bandalagi Íslenskra leikfélaga, fyrst íslenskra leikfélaga á erlendri grund. Með tímanum tókst að véla karla til samstarfs við leikfélagið og bætti það enn fleiri fjöðrum í hatt félagsins.

Það voru mikil forréttindi að fá að vera með í að leggja grunninn að því starfi sem Spuni hefur haldið úti í 30 ár.

Mínar innilegustu hamingjuóskir í tilefni afmælisins.

Megi Spuni blómstra á meðan nokkur Íslendingur dregur andann í Lux.

Sigrún Valbergsdóttir



## Frá stjórn Spuna

Hafist var handa á haustmánuðum við upplýsinga- og slúðursöfnun fyrir þorralblótið 11. febrúar 2006.

Æfingafyrirkomulag var öðruvísi þetta árið, þar sem tímabilið var tvískipt. Leikstýran okkar, Halla Margrét Jóhannesdóttir, kom frá Íslandi 5. janúar og lékum við okkur saman til 15. janúar. Hún var svo á Íslandi að sinna öðrum verkefnum fram til 28. janúar en eftir þann tíma hófust strangar, mislangar æfingar með leikhópnum fram yfir general prufu 10. febrúar.

"Leik-endur" voru 11 stelpur og einn strákur. "Söng-endur" voru 7 kórstúlkur sem messuðu yfir okkur með "Hallelúja."

Spuna-bandið var endurvakið, sex "spil-endur" af mismunandi þjóðernum, sem Hermann Bragi Reynisson fann á tjörninni.

Ljós- og tæknimenn ásamt fjölda annarra lögðu okkur lið.

Tár og sviti  
Kuldi og hiti  
Þreyttir þursar um sviðið þramma

Bros og hlátur  
Gleði - grátur  
Eftir "sjóvið" að djúsa og djamma

(ljóð ekki eftir Írasi)

Við þökkum mjög góðar viðtökur eftir sýninguna. Allir sem á einhvern hátt komu að uppsetningu verksins fá þakkar fyrir. Ennfremur fá allir velvildaraðilar, styrktaraðilar og fyrirtæki þúsund þakkar fyrir stuðninginn.

Stjórn Leikklúbbsins Spuna



Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg óskar Leikklúbbum Spuna til hamingju með 30 ára afmælið.

Kærar þakkar fyrir samstarfið Spunarar.

Stjórn FÍL

## Ráðagóðahornið

### Glansandi flísar

Veggflísar, til dæmis í eldhúsi og á baðherbergjum, verða glansandi ef þær eru þvegnaðar upp úr ediksblöndu.

### Botninn upp

Ef einhver afgangur er af málningu í dósun sem á að geyma, er hægt að koma í veg fyrir að skán myndist á málninguna með því að geyma dósirnar þannig að þær snúi botninum upp. Þannig á líka að geyma lakkdósir.

### Málningarlykt

Prófið að hafa opinn saltstauk yfir nótt í herberginu sem nýbúið er að mála.

### Að mála loft

Þegar loft er málað með pensli er gott ráð að setja svamp upp á skaftið, þá drýpur málningin síður niður.

## Heimilishornið

### Ýsa grilluð á spínati

700 g	ýsuflok (eða annar hvítur fiskur)
¼ poki	ferskt spínat
½	grænt epli, skorið í þunna fleyga
¼	rauð paprika, skorið í mjóa strimla
½ tsk.	mild curry paste
4 msk.	rjómi
6 litlir	humrar eða ca 1 dl af rækju

Álpappir.

Byrjið á því að roðfletta og beinhreinsa ýsuna. Takið því næst tvö blöð af álpappir og útbúið tvo pakka til að setja á grillið. Skiptið spínatinu í tvennt og setjið neðst í hvern pakka, þá er ýsan sett ofan á spínatið og hún smurð með karrimaukinu, þá er rjómanum hellt yfir. Eplum, papriku og humri er svo skipt í tvennt og fagurlega raðað efst á hvern pakka. Saltið aðeins. Pakkið öllu vel inn og setjið á heitt grillið og grillið í 7 – 10 mínútur. Notið grillið í ofninum ef of kalt er úti!



Flott hjá ykkur Spunafólk, til hamingju.



## Félags Íslendinga í Luxembourg

Association des Islandais à Luxembourg  
12 enner der Haerdchen  
L-6170 Godbrange

Umsjón fréttablaðs:  
Guðbjörg Steinarrsdóttir, ritstjóri  
Matthildur Kristjánsdóttir, ábyrgðarmaður  
bruin@islandus.net

BGL: LU62 0030 0379 1724 0000  
Gjalddagi félagsgjalda er 1. apríl

# BRÚIN

[www.islandus.net](http://www.islandus.net)

## Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg 2005-2006

Matthildur Kristjánsdóttir, formaður,	787 0771, 021 142 060,	fil@islandus.net
Póra Karlsdóttir, ritari,	2694 5105, 021 501 117,	fil.ritari@islandus.net
Inga Birna Antonssd., gjaldkeri,	2671 0929, 021 224 312,	fil.gjaldkeri@islandus.net
Guðbjörg Steinarrsd., meðstjórnandi,	365 163, 091 637 888,	gst1@islandus.net
Elísabet I. Einarsdóttir, meðstjórnandi,	799 508, 021 363 734,	elisabete@islandus.net
Óskar Bragi Sigbórsson, varamaður,	2694 5006, 091 348 737,	oskars@islandus.net

## Stjórn Kirkjunefndar 2005-2006

www.islandus.net  
Eyjólfur Hauksson, formaður, 768 545  
María Huesmann 358 556  
Sólveig Stefánsdóttir 789 341  
Agnar Sigurvinsson 435 183  
Sigurður Kristinsson 787 710

## Stjórn leikklúbbsins Spuna

Bryndís Kristjánsdóttir	formaður, 341 882,	spuni@islandus.net
Stella Jóhannesdóttir	ritari, 357 064,	stella26@pt.lu
Íris Þorkeldsdóttir	gjaldkeri, 780 510,	spuni.gjaldkeri@islandus.net

## Stjórn Íslandsdeildar Bazaar International í Luxembourg

Vala Björg Arnardóttir formaður, 26 945 378  
Ingunn Guðmundsdóttir gjaldkeri, 26 945 006

## Íslenskuskóli Félags Íslendinga í Luxembourg

Elín Valsdóttir	Herdís Matthíasdóttir
Elísabet Sigurðardóttir	Herdís Þórisdóttir

## Félagsgjöld Félags Íslendinga í Luxembourg

Félagsgjöld eru € 40 á mann eða € 80 á hjón. Eindagi félagsgjalda er 1. apríl. Vinsamlegast greiðið félagsgjöld á bankareikning félagsins. Reikningur hjá BGL númer LU62 0030 0379 1724 0000, setjið nafn greiðanda sem tilvísun.

## Litlu dálkarnir

### Smáauglýsingar

### Ýmislegt

Til sölu Hobby hjólhýsi árg. 1994-1995, 7 metra langt.  
Sumar-og vetrarfortjald fylgir með ásamt ýmsum aukaútbúnaði t.d. úti borð og stólar. Verð: 4300 €  
Upplýsingar gefa  
Póra í síma 021 168 341  
Netfang thorak@atlanta.is  
Rúnar í síma 021 501 116  
Netf. runar\_russel@hotmail.com

### Myndlist, vatnslitamyndir

Sigrún H. Rosenberg er með vatnslitamyndir, litlar og stórar til sölu. Upplýsingar í sínum 358 207 og 061 919 161.

### Frankfurt-Hahn

Upplýsingar um komu og brottfarir flugvéla á flugvöllinn Frankfurt-Hahn eru veittar í síma +49 6543 509 113.

### Fæðingar

Anne Schons og Kári Gylfason eignuðust soninn, Björn þann 13. febrúar. Hann var 4100 gr. og 55 cm.  
Við óskum þeim til hamingju.

Guðný Valborg Benediktsdóttir og Ingi Sölvi Arnarson eignuðust son þann 20. febrúar. Hann var 4040 gr. og 50 cm.  
Við óskum þeim til hamingju.

### Símaskrá

### Breytingar

Fjöltnir Freyr Sverrisson  
Berglind Guðjónsdóttir  
Engelborn 5  
D-54296 TRIER

Hafþór Þórarinsson  
Ragnhildur Edda Eyjólfsdóttir  
Triererstrasse 18  
D-54457 WINCHERINGEN  
Sími +49 65 83 88 46 57  
Gsm 021 506 687

Hrafnhildur Mary Eyjólfsdóttir  
Patrick Jeanne  
165 rue Principale  
L-5366 MUNSBACK

Jökull Guðjónsson  
11 rue J.P. Kommes  
L-6988 HOSTERT

Marínó Sigurjónsson  
5 rue Adolphe Omlor  
L-2622 LUXEMBOURG

Snæbjörn Sigurðsson  
Katrín Helga Guðbrandsdóttir  
Sími 26 687 277  
Gsm S 021 497 966  
Gsm K 061 277 954

Póra Karlsdóttir  
Soibelwee 14  
L-5335 MOUTFORT

### Nýjir meðlimir

Benedikt Pálmason  
Andrea Árnadóttir  
3 rue General Omar Bradley  
L-1279 LUXEMBOURG  
Sími 2625 8098

Hörður Hermannsson  
38 op der Heed  
L-1747 CENTS  
Gsm 021 163 415  
Netfang hoddi@mac.com

Jón Björgvin Stefánsson  
Jóhanna S. Jafetsdóttir  
2 rue du Fossé  
L-3330 CRAUTHEM  
Sími 26 36 19 57

### Islandus.net

Munið eftir [www.islandus.net](http://www.islandus.net)! Þar er að finna nýjustu fréttir frá öllum Íslendingafélögum í Evrópu sem taka þátt í þessu netsamstarfi. Ef þið þurfið að auglýsa, tilkynna eða bara segja frá einhverju, af hverju ekki að nota nýjustu tækni og jafnvel hafa lítið sem ekkert fyrir því?

Stjórnl FÍL

Börnin búa til sín eigin orðtök og/eða málshætti, skoðum nánar;

“Oft er bankalán ólán í láni.”